



Landskjörstjórn

**Skýrsla landskjörstjórnar
um undirbúning og
framkvæmd alþingiskosninga
30. nóvember 2024**

Efnisyfirlit

Formáli	3
Um landskjörstjórn	3
Alþingiskosningar 30. nóvember 2024	5
Mörk Reykjavíkurdæma	5
Skil á framboðum.....	5
Meðmælendakerfi	6
Rafræn skil á framboðslistum.....	6
Úrskurðir um gildi framboða	6
Kjörskrá	7
Utankjörfundaratkvæðagreiðsla.....	8
Kjörgögn og önnur aðföng	8
Atkvæðakassar	8
Skönnun stafrænna ökuskírteina	9
Fræðsla, leiðbeiningar og samstarf.....	9
Veður og færð.....	10
Framkvæmd á kjördag.....	10
Talning atkvæða og niðurstöður	10
Úrskurðarnefnd kosningamála	11
Niðurstöður talningar.....	12
Að loknum kosningum	13
Þjónustukönnun hjá yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga	13
Úthlutunarfundur landskjörstjórnar.....	13
Gagnaöflun fyrir Hagstofu Íslands	13
Umsögn til Alþingis á grundvelli 2. mgr. 132. gr. kosningalaga.....	14
Kostnaður við kosningar	14
Tækifæri til úrbóta	16
Endurskoðun á stjórnarskrá.....	16
Utankjörfundaratkvæðagreiðsla.....	16
Framboðskafli kosningalaga	17
Endurskoðun talningarskýrslna.....	17
Fræðsla um ritun fundargerða.....	17
Hlutverk yfirkjörstjórna kjördæma og fyrirkomulag við talningu atkvæða	17
Rökstudd umsögn landskjörstjórnar, sbr. 2. mgr. 132. gr. kosningalaga.....	18
Lokaorð	19



Í skýrslu þessari er fjallað um starfsemi landskjörstjórnar í aðdraganda alþingiskosninganna og bent á ýmis tækifæri til umbóta.

Skipulag starfsemi landskjörstjórnar tekur mið af þeim veruleika að það getur verið boðað til kosninga með skömmum fyrirvara og hefur því verið lögð áhersla á að landskjörstjórn sé ávallt sem best viðbúin slíkri atburðarás. Það var töluverð áskorun að undirbúa kosningarnar enda eru tímafrestir við þingrof mun styttri en við aðrar kosningar og tíminn því afar knappur. Framkvæmd kosninga um hávetur fól einnig í sér sérstakar áskoranir.

Fjöldmargir einstaklingar, stofnanir og samstarfsaðilar eru kallaðir til og sinna undirbúningi og framkvæmd kosninga og vil ég þakka þeim öllum kærlega fyrir sitt framlag. Þá vil ég færa starfsfólki landskjörstjórnar og fulltrúum í landskjörstjórn sérstakar þakkir fyrir einstaklega gott samstarf og stuðning á því annasama kosningarári 2024 sem nú er að baki.

F.h. landskjörstjórnar,

Ástríður Jóhannesdóttir

Formáli

Á árinu 2024 höguðu atvik því þannig að landskjörstjórn hafði yfirumsjón með tvennum kosningum, forsetakosningum í byrjun sumars og alþingiskosningum um hálfu ári síðar. Forsetabréf var birt þann 17. október 2024 um að þing yrði rofið 30. nóvember og að gengið yrði til kosninga þann sama dag en kjörtímabili Alþingis hefði átt að ljúka í september 2025.



Landskjörstjórn. Magnús Karel Hannesson, Ebba Schram, Kristín Edwald, Arnar Kristinsson, Hulda Katrín Stefánsdóttir ásamt Ástríði Jóhannesdóttur framkvæmdastjóra.

Um landskjörstjórn

Landskjörstjórn er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem hefur yfirumsjón með framkvæmd kosninga og annast framkvæmd kosningalaga. Ráðherra skipar fimm manns í landskjörstjórn og jafnmarga til vara samkvæmt 12. gr. kosningalaga. Aðalmenn 2024 voru Kristín Edwald formaður, Arnar Kristinsson og Hulda Katrín Stefánsdóttir, kosin af Alþingi, og Ebba Schram og Magnús Karel Hannesson, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn voru

Björn Þór Jóhannesson, Iðunn Garðarsdóttir og Ólafía Ingólfssdóttir, kosin af Alþingi, og Elín Ósk Helgadóttir og Valur Rafn Halldórsson, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Skrifstofa landskjörstjórnar er að Tjarnargötu 4 í Reykjavík og þar eru fimm starfsmenn í fullu starfi að meðtalinni Ástríði Jóhannesdóttur framkvæmdastjóra.



Alþingiskosningar 30. nóvember 2024

Undirbúningur landskjörstjórnar fyrir alþingiskosningarnar hófst um leið og fréttir bárust af fyrirhuguðu þingrofi. Fyrstu verkefni landskjörstjórnar fólust í því að setja upp tímalínu með tilliti til þeirrar dagsetningar sem talin var líklegust sem kjördagur. Eftir að kjördagur varð ljós voru haldnir rásfundir með helstu framkvæmdaaðilum, þ.e. yfirkjörstjórnnum, sýslumönnum, utanríkisráðuneytinu o.fl. Við þingrof eru allir tímafrestir mun styttri en ella svo mikilvægt var að ná öllum saman sem fyrst og tryggja ýmsa þætti í aðfangakeðjunni.

Mörk Reykjavíkurkjördæma

Landskjörstjórn ákveður mörk kjördæma í Reykjavík miðað við kjörskrá 56 dögum fyrir kjördag og auglýsir þau í Stjórnartíðindum skv. 8. gr. kosningalaga. Auglýsing nr. 1189/2024 um mörk kjördæma í Reykjavík fyrir alþingiskosningar 30. nóvember 2024 var birt þann 25. október 2024.

Skil á framboðum

Ein meginbreytingin sem nýju kosningalögin fela í sér er að landskjörstjórn tekur á móti og úrskurðar um framboð til Alþingis. Verkefnið var áður í höndum yfirkjörstjórna kjördæma.

Landskjörstjórn leggur áherslu á örugga og skilvirka framkvæmd og að nýta tæknina sem mest í störfum sínum. Það var því stuðst við rafrænar leiðir við söfnun meðmæla og skil á framboðum. Auk þess tók landskjörstjórn á móti framboðum á eftirtöldum stöðum:

Miðvikudaginn 30. október

Á skrifstofu landskjörstjórnar, að Tjarnargötu 4 í Reykjavík, klukkan 10:00–12:00.
Í Salnum í Kópavogi, klukkan 09:00–11:00.
Í Setbergi í Hofi á Akureyri, klukkan 09:30–11.30.
Í Hjálmakletti í Borgarnesi, klukkan 16:00–18:00.
Í Betri Stofunni á Hótel Selfossi, klukkan 16:00–18:00.

Fimmtudaginn 31. október

Í Stemmu í Hörpu, klukkan 10:00–12:00.
Á eftirtöldum skrifstofum sýslumanna, klukkan 10:00–12:00.
Sýslumanninum á Norðurlandi eystra, að Útgarði 1 á Húsavík.
Sýslumanninum á Norðurlandi vestra, Hnjúkabyggð 33 á Blönduósi.
Sýslumanninum á Suðurlandi, að Austurvegi 6 á Hvolsvelli.

Ekki var gerð krafa um að framboðum væri skilað í því kjördæmi þar sem boðið var fram.

Landskjörstjórn taldi mikilvægt að bjóða upp á móttöku framboða í öllum kjördæmum fyrir kosningarnar. Þar sem örðugt var að hafa fulltrúa landskjörstjórnar í öllum kjördæmum daginn sem framboðsfrestur rann út, 31. október 2024, var brugðið á það að ráð að leita til sýslumanna í þeim kjördæmum sem eru fjarlægari höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi, og veita þeim umboð til þess að taka við framboðum. Fáir fulltrúar framboða mættu á aðra fundi en móttökufundinn sem haldinn var 31. október í tónlistarhúsinu Hörpu. Landskjörstjórn mun yfirfara fyrirkomulag við móttöku framboða með hliðsjón af fenginni reynslu.

Tímafrestur frá því að framboðsfrestur rennur út og þangað til landskjörstjórn tilkynnir um gild framboð er einungis þrír sólarhringar. Á þessum tíma þarf að yfirfara öll framboðsgögn, eiga fundi með umboðsmönnum framboða, veita viðbótarfrest til að bæta úr göllum ef við á og skrifa rökstudda úrskurði um gildi framboða.

Þegar boðið var til kosninganna stóð yfir vinna að tillögum til úrbóta á framboðskafla kosningalaganna hjá landskjörstjórn. Þar er lögð áhersla á skýrari framkvæmd þá örfáu daga sem líða frá framboðsskilum til úrskurða um gildi framboða. Ekki tókst að ljúka þeirri vinnu fyrir kosningarnar en henni mun ljúka á vormánuðum.



Frá móttöku framboða í Salnum í Kópavogi.

Meðmælendakerfi

Í kjölfar forsetakosninganna í upphafi sumars var hafist handa við þróun á rafrænu meðmælendakerfi fyrir alþingiskosningar með samstarfi landskjörstjórnar, Stafræns Íslands og Þjóðskrár Íslands. Þegar boðað var til alþingiskosninganna var vinna við kerfið á lokametrunum en það fór í loftið þann 17. október. Auk rafrænnar söfnunar meðmæla býður kerfið upp á að framboð geti skráð inn meðmæli sem safnað er á pappír svo auðvelt er fyrir þau að fylgjast með framgangi söfnunar.

Meðmælendur geta aðeins mælt með einu framboði og aðeins í því kjördæmi sem þeir eiga lögheimili. Þess ber að geta að *Feneyarnefndin* og *Mannréttinda- og lýðræðisstofnun ÖSE (ODIHR)* hafa gefið út m.a. í almennum viðmiðunarreglum um regluverk stjórnmálaflokka að ekki ætti að takmarka rétt fólks við að mæla aðeins með einu framboði (sjá 77. málsgrein í [Guidelines on Political Party Regulation](#)). Samkvæmt kosningalögum mega frambjóðendur sjálfir og fulltrúar í yfirkjörstjórnunum ekki mæla með framboðum.

Söfnun og yfirferð meðmæla gekk vel og stóðst meðmælendakerfið allar væntingar til þess.

Rafræn skil á framboðslistum

Þegar boðað var til kosninga hafði landskjörstjórn kannað lauslega í samstarfi við Stafrænt Ísland möguleika á rafrænum skilum á framboðslistum. Ákveðið var að aðlagja fyrirliggjandi umsóknarlausn hjá Ísland.is að framboðsskilum. Það var því ekki farið í nýsmíði á kerfi líkt og í tilfelli meðmælendakerfisins heldur var þjónusta sem þegar var til nýtt fyrir ferlið. Það er eitt af markmiðum stafrænnar vegferðar hjá ríkinu að nýta sem best þær tæknilausnir sem hafa verið þróaðar.

Skil á framboðum í gegnum framboðskerfið gengu að mestu leyti vel þótt einhverjir hnökrar hafi komið upp. Kerfið stöðvaði t.d. innslátt þeirra frambjóðenda sem skráðir voru með lögheimili erlendis. Það þurfti að laga þau tilvik handvirkir sem skapaði nokkra vinnu og hægði á ferlinu. Mikilvægt er að brýna fyrir framboðum í framtíðinni að hefja vinnu við innsláttinn tímanlega til að draga úr áhættu á tæknilegum vandkvæðum.

Heilt yfir gafst framboðskerfið vel og einfaldaði til muna yfirferð landskjörstjórnar á framboðslistum. Unnið verður að lagfæringu á þeim hnökrum sem upp komu fyrir næstu kosningar í samvinnu við Stafrænt Ísland.

Úrskurðir um gildi framboða

Landskjörstjórn úrskurðaði um gildi framboða á fundi sem haldinn var sunnudaginn 3. nóvember í þjóðminjasafninu og streymt á vef landskjörstjórnar. Framboðslistar allra

stjórnmálasamtaka sem skiluðu inn framboðsgögnum voru samþykktir í öllum kjördæmum en með frávikum hjá J-lista Sósíalistaflokks Íslands í Suðurkjördæmi og Suðvesturkjördæmi þar sem samþykki nokkurra frambjóðenda fyrir því að taka sæti á lista vantaði.

Í framboði í öllum kjördæmum voru:

B-listi Framsóknarflokks

C-listi Viðreisnar

D-listi Sjálfstæðisflokks

F-listi Flokks fólksins

J-listi Sósíalistaflokks Íslands

L-listi Lýðræðisflokks - samtaka um sjálfsákvörðunarrétt

M-listi Miðflokksins

P-listi Pírata

S-listi Samfylkingarinnar - jafnaðarmannaflokks Íslands

V-listi Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs

Í Reykjavíkurborg kjördæmi norður bauð einnig fram:

Y-listi Ábyrgar framtíðar

kosning.is

Framboðslistar fyrir alþingis- kosningar 30. nóvember







Frá móttöku framboða í Salnum í Kópavogi.

Kjörskrá

Þjóðskrá Íslands gefur út kjörskrá, tekur til meðferðar athugasemdir við hana og leiðréttir og afgreiðir umsóknir Íslendinga sem hafa verið búsettir lengur en 16 ár erlendis um að verða teknir á kjörskrá. Í kosningalögum er mælt fyrir um að umsókn gildi frá 1. desember eftir að hún var lögð fram. Þar sem kjördag bar upp fyrir 1. desember hafði þetta fyrirkomulag í för með sér að þeir sem ekki höfðu sótt um að vera teknir á kjörskrá fyrir 1. desember 2023 uppfylltu ekki skilyrði um að vera teknir á kjörskrá. Alþingi samþykkti þann 12. nóvember nýtt ákvæði til bráðabirgða við kosningalögin sem gerði íslenskum ríkisborgurum sem svo háttaði til um kleift að sækja um að verða teknir á kjörskrá fyrir kosningarnar.

Á kjörskrá voru samtals 268.730 einstaklingar.

Kjördæmi	Fjöldi á kjörskrá
Norð austurkjördæmi	31.071
Norð vesturkjördæmi	22.351
Reykjavíkurborg	47.600
Reykjavíkurborg suður	47.619
Suðurborg	41.002
Suðvesturkjördæmi	79.087



Fólk á öllum aldri mætti á kjörstað.

Hvernig á að kjósa utan kjörfundar?

Hafðu skilríki tilbúin

Á kjörstað sjáir þú skilríki og færð kjörgögna eftir. Skilríki eru til dæmis veggbréf, rafskilríki, ökuskipti og stafræn ökuskipti.

Kjörséðill

Kjörséðilumslag

Fylgibréf

Sendilumslag

Svona greiðir þú atkvæði

- 1 Skrifðu eða stimplaðu lista-bókstaf þess framboðs sem þú vilt kjósa á kjörséðilinn.
- 2 Settu kjörséðilinn í kjörséðilumslagið (míma umslagið) og lúndu það aftur.
- 3 Fylgibréfið er fyllt út. Áð þú loknu skrifar þú undir það ásamt kjörstjóra.
- 4 Settu fylgibréfið og kjörséðilumslagið í sendilumslagið og lúndu það aftur.

Framan á sendilumslagi skrifar þú nafn og heimfang þess sveitarfélags þar sem þú ert á kjörstað. Ef þú veist ekki hvar þú ert á kjörstað getur þú fengið upplýsingar um kjörstað þitt.

Aftan á sendilumslagið skrifar þú nafnið þitt og heimfang.

A Svona kemur þú atkvæði til skila

Ef þú ert að kjósa hjá sjálfum þess utan þínu undanefni eða erlendis þarftu að koma lúndu til skila eða láta kjörstjóra um að koma því í póst.

Þú getur að hafið þarf að hafa lokað kjörstjóra fyrir lokun kjörstaðs á kjördag.

kosning.is

Um leið og boðað hafði verið til kosninga pantaði landskjörstjórn innsigli og stimpla fyrir utankjörfundar- atkvæðagreiðslu. Landskjörstjórn átti á lager nægjanlegt magn af utankjörfundargögnum (kjörseðla, umslög og fylgibréf) þegar utankjörfundarkosning hófst en þurfti að láta prenta meira magn í framhaldinu.

Prentsmiðjan Svansprent sá um uppsetningu og prentun atkvæðaseðla. Það er töluvert meiri áskorun að útbúa atkvæðaseðla fyrir alþingiskosningar en aðrar kosningar því um er að ræða sex mismunandi atkvæðaseðla og stærð þeirra er mismunandi eftir kjördæmum. Alls voru prentaðir 278.000 atkvæðaseðlar og gekk prentunarferlið hratt og vel fyrir sig.

Eftir kosningar bárust landskjörstjórn ábendingar um að blæbrigðamunur hefði verið á lit kjörseðla í einu kjördæmi. Samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda pappírsins var mismunurinn í litatón hans innan skekkjumarka miðað við þá alþjóðlegu staðla sem stuðst er við.

Það fylgja því áskoranir að koma kjörgögnum á réttan stað að vetrarlagi þegar allra veðra er von og færð getur spillst á skömmum tíma. Landskjörstjórn dreifir kjörgögnum og öðrum aðföngum til yfirkjörstjórna kjördæma en þær sjá um að dreifa þeim áfram til yfirkjörstjórna sveitarfélaga í viðkomandi kjördæmi. Þetta á við um öll kjörgögn nema atkvæðakassa sem sveitarfélögin geyma á milli kosninga en landskjörstjórn afhendir þeim nýja ef þörf krefur. Dreifing kjörgagna gekk að mestu leyti samkvæmt áætlun. Þó var ákveðið að flýta dreifingu til fimm sveitarfélaga á Vestfjörðum þar sem veðurspáin var mjög slæm fyrir þá daga sem dreifing átti að fara fram. Öll kjörgögn komust til skila á tilsettum tíma.

Atkvæðakassar

Atkvæðakassar sem notaðir hafa verið um árabil eru þungir og óhentugir á margan hátt og auk þess margir komnir til ára sinna. Ekki gafst tími til að láta smíða nýja kassa fyrir kosningarnar en landskjörstjórn átti u.þ.b. 20 kassa sem afhentir voru sveitarfélögum sem á þurftu að halda. Sveitarfélögin voru hvött til að yfirfara og gera við kassa ef kostur var á. Ábendingar bárust eftir kosningar um að ástand atkvæðakassa í einu kjördæmi hefði verið slæmt og að rifur hefðu verið á þeim sem skapað hefði möguleika á að hægt væri að smeygja einhverju í kassana.

Nokkrir atkvæðakassar á kjörstöðum í Suðvestur- kjördæmi voru þannig að kjörseðlarnir komust ekki ofan í kassana í því broti sem þeir voru upphaflega í. Því þurfti að brjóta atkvæðaseðilinn meira saman þannig að hann félli ofan í raufina. Atkvæðaseðillinn

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hófst 7. nóvember og stóð yfir fram á kjördag. Alls voru 44.120 utankjörfundaratkvæði skráð í utankjörfundarkerfið sem rekið er af Þjóðskrár Íslands á grundvelli þjónustusamnings við landskjörstjórn. Samkvæmt skráningu voru 1.954 atkvæði greidd á stofnunum, 57 atkvæði greidd í fangelsum og 46 atkvæði greidd í heimahúsum. Þá fengu 802 einstaklingar aðstoð við að kjósa utankjörfundar. Allir kjörstjórar á Íslandi og meirihluti kjörstjóra erlendis nota kerfið við skráningu kjósenda og má segja að það gegni einnig hlutverki gerðabókar kjörstjóra.

Eftir kjördag bárust fregnir af utankjörfundar- atkvæðum sem ekki skiluðu sér í rétta kjördeild fyrir lok kjörfundar. Því miður á það sér stað við hverjar kosningar að utankjörfundaratkvæði skili sér ekki í tæka tíð og lítur landskjörstjórn það alvarlegum augum. Landskjörstjórn telur brýnt að taka framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu til skoðunar.

Kjörgögn og önnur aðföng

Landskjörstjórn lætur kjörstjórnnum í té kjörgögn og ýmis aðföng fyrir kosningar, t.d. atkvæðaseðla, atkvæðakassa, innsigli, veggspjöld, blindraspjöld, síma fyrir skönnun á stafrænum ökuskiptum auk ýmissa eyðublaða og leiðbeininga.

Í Suðvesturkjördæmi var nokkuð stærri en seðlar í öðrum kjördæmum enda er það kjördæmi með flesta þingmenn.

Eins og fram hefur komið er ástand atkvæðakassa víða bágborið og því afar brýnt að hefja endurnýjun þeirra sem fyrst. Það er eitt af þeim verkefnum sem landskjörstjórn hyggst vinna á þessu ári.

Skönnun stafrænna ökuskírteina

Við undanfarnar kosningar hafa sýslumenn og yfirkjörstjórnir sveitarfélaga fengið síma frá landskjörstjórn til að skanna stafræn ökuskírteini í því skyni að kjósandi geti gert grein fyrir sér. Skönnun stafrænna ökuskírteina gekk heilt yfir vel fyrir sig en á kjördag voru framkvæmdar 26 þúsund skannanir. Fyrir liggur að símararnir eru komnir til ára sinna og ef halda á óbreyttu fyrirkomulagi þarf að fara í kostnaðarsama endurnýjun á símunum. Meta þarf kosti þessa fyrirkomulags og hvaða skref eigi að stíga í þessum efnum með öryggi kosninga, skilvirkni og hagkvæmni í framkvæmd að leiðarljósi.

Fræðsla, leiðbeiningar og samstarf

Við undirbúning og skipulagningu verkefnis eins og alþingiskosninga skiptir höfuðmáli að hugað sé að miðlun upplýsinga, samhæfingu verkefna og vinnubragða og fræðslu þar sem hennar er þörf. Landskjörstjórn innir þetta verkefni af hendi með ýmsu móti með hliðsjón af aðstæðum og þörf hverju sinni.

Fyrirkomulag fræðslu til yfirkjörstjórna og starfsmanna sveitarfélaga var á þann veg að sveitarfélögunum var skipt í fjóra hópa eftir íbúafjölda. Fræðslufundir voru haldnir með hverjum hóp fjórum sinnum, vikulega fram að kosningum. Ætlunin var að skapa betri vettvang fyrir samtal á milli landskjörstjórnar og yfirkjörstjórna og á milli yfirkjörstjórnanna innbyrðis. Þannig var leitast við að ná til og sinna mismunandi þörfum yfirkjörstjórna og sveitarfélaga. Þetta fyrirkomulag og fræðslufundir mæltust vel fyrir í þjónustukönnun sem landskjörstjórn sendi út að loknum kosningum. Landskjörstjórn uppfærði einnig og aðlagði leiðbeiningar um framkvæmd kosninga frá fyrri leiðbeiningum sem gerðar höfðu verið fyrir forsetakosningarnar og sendi til yfirkjörstjórna sveitarfélaga.

Fræðslufundir um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu voru haldnir fyrir sýslumenn, sem eru kjörstjórar við utankjörfundaratkvæðagreiðslu, og starfsfólk þeirra og fyrir utanríkisráðuneytið og kjörstjóra erlendis. Fundunum var fylgt eftir með útgáfu leiðbeininga til þeirra.


Landskjörstjórn hélt einn fræðslufund með umboðsmönnum framboða þar sem farið var yfir hlutverk, réttindi og skyldur þeirra við framkvæmd kosninganna og þeim sendar leiðbeiningar. Jafnframt hafa yfirkjörstjórnir kjördæma frætt umboðsmenn um fyrirkomulag talningar í kjördæminu. Áður en framboðsfrestur rann út var einnig haldinn fundur með fulltrúum frá þeim stjórnmalasamtökum sem höfðu listabókstaf og farið yfir fyrirkomulag á framboðsskilum.

Síðasta mánuðinn fyrir kjördag voru haldnir vikulegir stöðufundir með sýslumönnum, utanríkisráðuneytinu, dómsmálaráðuneytinu og Þjóðskrá Íslands í þeim tilgangi að tryggja samhæfingu og gott upplýsingaflæði við framkvæmd þeirra verkefna sem þessir aðilar sinna í aðdraganda kosninga.

Landskjörstjórn lagði áherslu á gott samráð á sem flestum vígstöðvum og átti auk þessa undirbúningsfundi með Póstinum í þeim tilgangi að tryggja að utan- kjörfundaratkvæði bærust tímanlega. Þá var haldinn fundur með Öryrkjabandalagi Íslands og Proskahjálp.

Landskjörstjórn lét gera veggspjöld með leiðbeiningum fyrir kjósendur sem voru aðgengileg á hverjum kjörstað. Þá voru myndbönd um framkvæmd kosninganna uppfærð með texta og táknmálstúlkun og aðgengileg á kosning.is auk þess að vera birt á vefsíðunni audlesid.is.

Parftu aðstoð?



Landskjörstjórn

Þú átt rétt á því að fá aðstoð við að kjósa

Þú ræður hver aðstoðar þig

Þú átt rétt á að fá aðstoð við að kjósa án þess að tilgreina ástæðu fyrir því. Kjörstjórnin eða einhver annar sem þú velur getur aðstoðað þig. Ef þú ert með þinn eigin aðstoðarmann þarf hann að fylla út eyðublað.

Leynileg kosning

Til að tryggja leyfilega kosningu er sá sem aðstoðar þig bundinn þagnar- skyldu um það sem ykkur fer á milli í kjörklefanum.

Til að enginn heyrir hvernig þú vilt greiða atkvæði eru aðrir kjósendur ekki inni í kjördeildinni á meðan þú kýt.

kosning.is



Veður voru víða válynd á kjördag.

Veður og færð

Pegar nær dró kjördegi varð ljóst að veður gætu orðið válynd og færð spillst en veðurspáin var afar slæm, sérstaklega á austanverðu landinu en einnig víðar og allra veðra von. Starfsmenn landskjörstjórnar fylgdust grannt með veðurhorfum og funduðu með veðurfræðingum Veðurstofunnar í aðdraganda kjördags. Landskjörstjórn gegndi ákveðnu samhæfingarhlutverki með yfirkjörstjórnnum, Vegagerðinni, Veðurstofunni og lögreglustjórum og var einnig í sambandi við Landhelgisgæsluna. Það þurfti að halda úti þjónustu snjórúðningstækja víða, t.d. á mestum hluta Norðurlands og Austfjarða og á kosninganótt var þrautalendingin að fá þyrilu Landhelgisgæslunnar til þess að sækja atkvæði á Höfn í Hornafirði þar sem þar geisaði óveður.

Framkvæmd á kjördag

Landskjörstjórn kemur ekki með beinum hætti að framkvæmd kosninganna á kjördag. Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga sjá um framkvæmdina á kjörstöðum í sveitarfélögunum og yfirkjörstjórnir kjördæma sjá um talningu atkvæða.

Landskjörstjórn er að störfum á kjördag og svarar erindum sem berast, bæði í tölvupósti og síma. Alls bárust tæplega 100 erindi til landskjörstjórnar á kjördag er vörðuðu kosningarnar, hvort tveggja frá kjörstjórnnum og kjósendum.

Landskjörstjórn átti nokkra stöðufundi á kjördag, annars vegar með Veðurstofunni, Vegagerðinni og formönnum yfirkjörstjórnna landsbyggðarkjördæmanna og hins vegar með formönnum yfirkjörstjórnna allra kjördæma. Við þær veðuraðstæður sem voru á kjördag þurfti að meta stöðuna reglulega því ef fresta hefði þurft kjörfundi á einum stað hefði talning atkvæða ekki getað hafist á öðrum stöðum að loknum kjörfundi. Ekki kom til þess að fresta þyrfti kjörfundi né talningu þótt einhverjir atkvæðakassar hafi skilað sér seinna en ella til talningar.

Þótt allt hafi gengið að óskum við framkvæmd á kjördag og flutning atkvæða þá sköpuðu þessar aðstæður miklar áskoranir og voru ekki hættulausar.

Talning atkvæða og niðurstöður

Talning atkvæða fór fram á fimm stöðum á landinu eins og verið hefur í undanförnum kosningum: í Borgarnesi, á Akureyri, á Selfossi, í Hafnarfirði og í Reykjavík. Landskjörstjórn undirbjó og dreifði talningarskýrslum til yfirkjörstjórnna þar sem niðurstöður talningarinnar voru færðar inn og þeim svo skilað til landskjörstjórnar. Jafnframt voru atkvæðatölur lesnar upp á talningarstöðum.

Talning gekk almennt vel en slæmt veður og færð seinkaði flutningi atkvæða á milli kjörstaða og talningarstaða, einkum í Norðvestur-, Norðaustur- og



Frá úthlutunarfundi landskjörstjórnar í Þjóðminjasafninu.

Suðurkjördæmi. Talningu lauk um hádegi 1. desember í Suðvesturkjördæmi sem er fjölmennasta kjördæmið með tæplega 80 þúsund kjósendur á kjörskrá. Greidd voru 215.216 atkvæði, gild atkvæði voru 212.470, auð atkvæði 2.438 og ógild atkvæði voru 308. Kjørsókn var 80%.

Landskjörstjórn yfirfer tölur úr talningarskýrslum frá yfirkjörstjórnunum og reiknar út kjördæmasæti og jöfnunarpingsæti út frá þeim. Að því loknu vinna yfirkjörstjórnir seinni hluta talningarskýrslna og færa inn upplýsingar um breytta seðla. Að öllu þessu loknu útbýr landskjörstjórn kosningaskýrslu um niðurstöðu kosninganna sem er gefin út á úthlutunarfundi landskjörstjórnar að loknum kosningum.



Alþingishúsið.

Úrskurðarnefnd kosningamála

[Ein kæra barst](#) úrskurðarnefnd kosningamála vegna villandi upplýsinga í kjörgögnum um frambjóðanda eins lista og að lögheimilisskráning hans væri málamyndagjörningur. Úrskurðarnefndin vísaði kærinni frá þar sem hún taldi sig ekki bæra til að taka hana til greina.

Hvernig á að kjósa?

Landskjörstjórn

1 Finndu þína kjördeld

Kjósendur er raðað í kjördeldir eftir heimilisfangi.

2 Hafðu skilríki tilbúin

Í kjördöld gefurðu upp heimilisfang og synir skilríki, til dæmis vegabréf, nafn-skírteini, ökuskrírteini eða stafrænt ökuskrírteini. Þú færðu afhentan kjörseðil sem þú tekur með þér í kjörklefann.

3 Settu X við það frambjóð sem þú kyst

Á kjörseðlinum seturðu X í færinginn fyrir framan nafn þess frambjóðs sem þú vilt kjósa. Hægt er að strika yfir eða breyta röðun frambjóðenda á þessu frambjóðslista sem þú kyst. Ekki má breyta röðun annarra lista en þeirra sem þú kyst.

4 Brjóttu kjörseðilinn saman og settu hann í atkvæðakassann

Athugaðu!

Ekki má strika yfir eða breyta röðun frambjóðenda annarra lista en þess sem þú kyst.

Ekki má skrifa á kjörseðilinn eða nota önnur ták.

Enginn má sjá hvernig þú greiddir atkvæði.

Þú getur fengið nýjan kjörseðil ef þú gerir mistök.

kosning.is

Niðurstöður talningar

Atkvæðafjöldi hvers lista í kosningunum ásamt fjölda auðra og ógildra atkvæða

	NV	NA	SU	SV	RS	RN	Landið allt	Hlutfall af gildum atkvæðum
B-listi Framsóknarflokks	2.406	3.445	3.806	3.792	1.638	1.492	16.579	7,8%
C-listi Viðreisnar	2.286	2.296	3.571	12.829	6.581	6.043	33.606	15,8%
D-listi Sjálfstæðisflokks	3.249	3.652	6.233	14.997	6.553	6.459	41.143	19,4%
F-listi Flokks fólksins	3.023	3.475	6.354	7.014	5.022	4.400	29.288	13,8%
J-listi Sósíalistaflokks Íslands	620	924	773	1.820	2.091	2.194	8.422	4,0%
L-listi Lýðræðisflokks - samtaka um sjálfsákvörðunarrétt	143	183	406	728	388	367	2.215	1,0%
M-listi Miðflokksins	2.669	3.818	4.322	7.689	3.917	3.284	25.699	12,1%
P-listi Pírata	322	438	422	1.778	1.445	2.006	6.411	3,0%
S-listi Samfylkingarinnar - jafnaðarmannaflokks Íslands	2.871	5.183	5.519	12.324	8.541	9.653	44.091	20,8%
V-listi Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs	486	920	421	987	1.080	1.080	4.974	2,3%
Y-listi Ábyrgrar framtíðar						42	42	0,0%
Gild atkvæði	18.075	24.334	31.827	63.958	37.256	37.020	212.470	
Auð atkvæði	284	445	403	570	337	399	2.438	
Ógild atkvæði	39	30	55	31	72	81	308	
Greidd atkvæði	18.398	24.809	32.285	64.559	37.665	37.500	215.216	

Að loknum kosningum

Þjónustukönnun hjá yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga

Í desember sendi landskjörstjórn yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga þjónustukönnun til þess að kanna upplifun þeirra af þjónustu landskjörstjórnar í aðdraganda kosninganna og aðra þætti er varða framkvæmd þeirra.

Alls bárust 90 svör og voru niðurstöðurnar mjög jákvæðar gagnvart undirbúningi og framkvæmd kosninganna af hálfu landskjörstjórnar. Upplýsingamiðlun þótti góð, fræðslufundir gagnlegir og leiðbeiningar góðar eða fólk þurfti ekki að nýta sér þær. Landskjörstjórn spurði einnig út í magn af kjörgögnum, opnunartíma og biðtíma kjörstaða. Þau gögn verða notuð til greiningar seinna meir.

[Hér má nálgast heildarniðurstöður úr könnuninni.](#)

Úthlutunarfundur landskjörstjórnar

Úthlutunarfundur landskjörstjórnar fór fram þriðjudaginn 10. desember í Eddu, stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í Reykjavík. Umboðsmenn voru boðaðir til fundarins en hann var einnig sýndur í streymi á vefnum. Upphaflega var boðað til fundarins 6. desember en að beiðni yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis var honum frestað á meðan yfirkjörstjórnin tók afstöðu til beiðni um endurtalningar frá umboðsmönnum Framsóknarflokksins. Yfirkjörstjórnin varð ekki við beiðninni.

Á fundinum gerði landskjörstjórn grein fyrir úthlutun þingsæta, kjörnum þingmönnum eftir kjördæmum, bæði kjördæmakjörnum og jöfnunarmönnum, og öðrum helstu niðurstöðum kosningaskýrslunnar.

Á úthlutunarfundi landskjörstjórnar er umboðsmönnum heimilt að fá ágreining bókaðan í gerðabók landskjörstjórnar. Ekki komu fram athugasemdir er lutu að úthlutun þingsæta en umboðsmaður Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi lagði fram bókun og minnisblað með 12 athugasemdum varðandi framkvæmd kosninganna í kjördæminu. Um þær athugasemdir er fjallað í rökstuddri umsögn landskjörstjórnar til Alþingis.

Í lok fundarins var skrifstofu landskjörstjórnar falið að tilkynna kjörnum þingmönnum og varaþingmönnum um úrslitin. Jafnframt var dómismálaráðuneytinu tilkynnt um úrslit kosninganna og nöfn hinna kjörnu þingmanna ásamt nöfnum varaþingmanna send til birtingar í Stjórnartíðindum.

Að loknum úthlutunarfundi hófst sjö daga kærufrestur sem lauk þann 17. desember. Tvær kosningakæur bárust en einnig tvær athugasemdir varðandi framkvæmd kosninganna frá umboðsmönnum framboða. Um þær er fjallað í umsögn landskjörstjórnar til Alþingis.

Gagnaöflun fyrir Hagstofu Íslands

Yfirkjörstjórnir kjördæma og sveitarfélaga skila sem fyrr upplýsingum til Hagstofu Íslands þannig að hægt sé að vinna tölfræðiupplýsingar um kosningabátttöku án þess að upplýsingarnar séu persónugreinanlegar.



Kjósendur kynna sér leiðbeiningar.

Undanfarnar kosningar hefur verið kallað eftir því að eyðublöð séu tilbúin fyrr og að rýmri frestur sé gefinn til þess að skila gögnum. Hagstofan hefur orðið við báðum þessum beiðnum.

Umsögn til Alþingis á grundvelli 2. mgr. 132. gr. kosningalaga

Landskjörstjórn leggur fyrir Alþingi rökstudda umsögn um kærur út af gildi kosninga og um mat á kjörgengi nýkjörinna þingmanna og gildi ágreiningsseðla. Jafnframt lætur landskjörstjórn Alþingi í té öll þau gögn og upplýsingar sem það hefur þörf fyrir við umfjöllun sína samkvæmt 132. gr. kosningalaga.

Umsögnin var afhent Alþingi þann 15. janúar 2025. Í henni er fjallað um þá 98 ágreiningsseðla sem yfirkjörstjórnir kjördæma afhentu landskjörstjórn. Um var að ræða sjö ágreiningsseðla frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis, tvo frá yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður og 89 ágreiningsseðla frá yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis. Þá er fjallað um þær kærur sem landskjörstjórn bærust en það er kæra umboðsmanns P-lista Pírata í Suðvesturkjördæmi og kæra umboðsmanna B-lista Framsóknarflokks

í Suðvesturkjördæmi. Einnig er gerð grein fyrir athugasemdum við framkvæmd kosninganna sem bærust frá tveimur umboðsmönnum sem og helstu bókunum umboðsmanna í gerðabækur yfirkjörstjórna kjördæma. Loks er að finna í umsögninni samantekt landskjörstjórnar á annmörkum á kosningaframkvæmdinni sem landskjörstjórn varð áskynja um, auk annarra ábendinga sem landskjörstjórn taldi rétt að vekja athygli á um framkvæmd alþingiskosninganna.

Undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kosninga hjá Alþingi óskaði eftir nánari rökstuðningi frá landskjörstjórn við umsögn landskjörstjórnar um kærurnar tvær sem [var afhentur 21. janúar 2025](#).

Alþingi var sett þriðjudaginn 4. febrúar 2025. Á fyrsta þingfundi lagði kjörbréfanefnd fram álit sitt um að fallast bæri á tillögur undirbúningsnefndar um afgreiðslu ágreiningsseðla og úrlausn kosningakæra og um önnur atriði er varða framkvæmd alþingiskosninga sem fóru fram 30. nóvember 2024.

Kostnaður við kosningar

Landskjörstjórn leggur áherslu á að fara vel með þá opinberu fjármuni sem henni er treyst fyrir við framkvæmd kosninga. Áætlað er að þegar upp er staðið hafi kostnaður við alþingiskosningarnar numið á sjötta hundrað milljóna króna og er þá vinnuframlag landskjörstjórnar og annar óbeinn kostnaður ekki með talinn.

Þegar boðað var til kosninganna stóð yfir greining á kostnaði við forsetakosningarnar í þeim tilgangi að afla nákvæmari upplýsinga um kostnaðarliði og leggja til leiðir til þess að efla kostnaðarvitund og hagkvæmni við framkvæmd kosninga. Vinnunni verður haldið áfram þegar upplýsingar um kostnað vegna alþingiskosninganna liggja fyrir.

Þá var hafin vinna við greiningu á raunkostnaði sveitarfélaga við framkvæmd kosninga í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þeirri vinnu verður framhaldið nú í kjölfar alþingiskosninganna. Stefnt er að því að tillögur um fast fjárframlag ríkis til sveitarfélaga vegna hlutverks þeirra við framkvæmd annarra kosninga en sveitarstjórnarkosninga liggja fyrir í vor.

Kjörstjórn fer yfir atkvæðisbréf sem borist hafa og merkir í kjörskrá.





Tækifæri til úrbóta

Frá gildistöku kosningalaga 1. janúar 2022 hafa ýmsir vankantar á lögunum komið í ljós. Hvort tveggja má rekja þá til breytts tækniumhverfis og samfélagsaðstæðna sem hafa haft áhrif á framkvæmd laganna en einnig til ákveðins innbyrðis ósamræmis í lögunum sem hefur komið í ljós við beitingu þeirra.

Kosningaframkvæmd er í stöðugri þróun. Nú þegar þrennar almennar kosningar á grundvelli laganna hafa farið fram, þ.e. kosningar til sveitarstjórna, forseta-kosningar og kosningar til Alþingis, telur landskjörstjórn að áfram sé tilefni til úrbóta. Landskjörstjórn telur aðkallandi að lagfæra kosningalögin með tilliti til þeirrar reynslu sem hefur fengist og stuðla jafnframt að framþróun við framkvæmd kosninga.

Endurskoðun á stjórnskrá

Eftir alþingiskosningarnar 2021 var framkvæmd kosninga mikið til umfjöllunar og voru nokkur eftirmál af þeim, t.a.m. voru höfðuð mál fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu að þeim loknum. Dómur málsins verður ekki tíundaður hér en ljóst er að brýnt er að farið verði í nauðsynlegar breytingar á stjórnskrá lýðveldisins Íslands þannig að úrskurðarvald um niðurstöður kosninga sé ekki hjá Alþingi sjálfu. Þá hefur ítrekað verið bent á þörf á því að taka fleiri ákvæði stjórnskrárinnar sem varða framkvæmd kosninga til endurskoðunar, svo sem ákvæði um að meðmælum fyrir forsetakosningar skuli safna í landsfjórðungum, að lengja þann 45 daga frest

við þingrofskosningar sem kemur fram í 24. gr. stjórnskrárinnar og þá er tilefni til að skoða hvort ákvæði um kjörgengi séu of ströng.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Umsýsla við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar er umfangsmikil. Sú framkvæmd er viðkvæm fyrir utan-aðkomandi þáttum, sérstaklega varðandi flutning eða sendingar atkvæðisbréfa til meðferðar og eftir atvikum til talningar. Sú hætta er fyrir hendi að atkvæði misfarist eða verði ekki tekin til greina af ástæðum sem ekki eru á ábyrgð kjóсандans sjálfs. Eftir kosningarnar var kastljósi fjölmiðla m.a. beint að utankjörfundaratkvæðum sem bárust of seint til kjörstjórna.

Framkvæmd og fyrirkomulag utankjörfundaratkvæðagreiðslu hér á landi er þungt í vöfum og geta fjölmargir hlekkir í þeirri keðju rofnað. Að loknum forsetakosningunum í júní hóf landskjörstjórn vinnu við gerð tillagna til úrbóta á tilteknum hluta framkvæmdarinnar. Var sú vinna langt komin þegar boðað var til alþingiskosninganna og tókst ekki að ljúka henni fyrir þær. Landskjörstjórn mun halda áfram vinnu við umræddar úrbótatillögur en telur engu að síður brýnt að endurskoða með heildstæðum hætti framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu, hérlandis og erlendis, sérstaklega með það í huga hvort unnt sé að gera hana skilvirkari og öruggari í framkvæmd. Landskjörstjórn ráðgerir að hefja slíka vinnu á árinu og mun fljótlega útfæra þá vinnu nánar, svo sem með tilliti til samstarfsaðila, tíma o.fl.



Kjósendur í Eyjafjarðarsveit.

Framboðskafli kosningalaga

Gildistaka kosningalaga nr. 112/2021 hafði í för með sér þá meginbreytingu að landskjörstjórn tekur við og úrskurðar um gildi framboða til embættis forseta og Alþingis. Í ljósi fenginnar reynslu er nú í gangi vinna hjá landskjörstjórn að rýna framboðskafli kosningalaga í því skyni að skerpa á skýrleika og ferlum í framkvæmd.

Endurskoðun talningarskýrslna

Yfirkjörstjórnir kjördæma senda landskjörstjórn talningarskýrslur sínar. Fyrir alþingiskosningarnar fékk landskjörstjórn fyrirtækið Syndis ehf. til að staðfesta að sniðmát talningarskýrslanna útfærði útreikninga í samræmi við kosningalögin. Í skýrslunni frá Syndis ehf. var jafnframt bent á ákveðna áhættuþætti við útfyllingu talningarskýrslna. Landskjörstjórn telur mikilvægt að kanna hvernig best er að taka við niðurstöðum talningar úr kjördæmunum á sem öruggastan hátt.

Fræðsla um ritun fundargerða

Þegar ákvarðanir og framkvæmd er skoðuð er mikilvægt að hægt sé að rekja sig í gegnum þær bókanir sem fram koma í gerðabókum. Við yfirferð á fundargerðum yfirkjörstjórna kjördæma og yfirkjörstjórna sveitarfélaga varð landskjörstjórn þess áskynja að ekki var í öllum tilvikum nægjanlega vel staðið að bókunum í gerðabækur. Bókanir voru ekki að öllu leyti í samræmi við útgefna reglur landskjörstjórnar um færslu í gerðabækur.

Landskjörstjórn mun huga að þessu atriði við undirbúning og framkvæmd næstu kosninga og auka fræðslu um mikilvægi þess að rétt sé staðið að bókunum í gerðabækur þannig að ferli framkvæmdarinnar sé gagnsætt.

Hlutverk yfirkjörstjórna kjördæma og fyrirkomulag við talningu atkvæða

Yfirkjörstjórnir kjördæma hafa samkvæmt kosningalögum umsjón með kosningum í kjördæminu og sjá um framkvæmd talningar atkvæða og dreifingu kjörgagna til yfirkjörstjórna sveitarfélaga. Hlutverk yfirkjörstjórna breyttist mjög við gildistöku kosningalaganna en í tíð eldri laga tóku yfirkjörstjórnir kjördæma einnig við framboðum og úrskurðuðu um gildi þeirra sem landskjörstjórn gerir nú. Mikilvægt er að í yfirkjörstjórnir kjördæma veljist fulltrúar þar sem saman fer samspil reynslu og áhugi á málefnum kosninga. Það má varpa þeirri hugmynd fram hvort tímabært sé að leggja niður yfirkjörstjórnir kjördæma eins og fyrirhugað var í frumvarpinu sem varð að kosningalögum nr. 112/2021. Að fella út eitt lag í lagskiptingu stjórnsýslu kosningamála myndi einfalda stjórnsýslu og fækka milliliðum.



Frá kjörstað.

Landskjörstjórn vill einnig reifa hugmyndir sínar um fyrirkomulag við talningu atkvæða í ljósi þeirrar reynslu sem hefur áunnist undanfarin ár.

Um árabíl hefur verið hafist handa við talningu atkvæða strax eftir slit kjörfundar en heimilt er að hefja flokkun atkvæða fyrr. Landskjörstjórn telur tilefni til að hugleða hvort rétt sé að taka þessa framkvæmd til endurskoðunar, ekki síst í ljósi þess lærdóms sem draga má af þeim aðstæðum sem ríktu síðastliðna kosninganótt. Talning atkvæða fer einungis fram á á einum stað í hverju kjördæmi. Að kvöldi kjördags fer því í gang umfangsmikið verkefni við að flytja atkvæðakassa á talningarstaði. Kosning fer fram í 62 sveitarfélögum. Kjörstaðir eru um 130 talsins og það er í mörgum tilvikum um langan veg að fara, seint að kvöldi og undir ákveðinni tímapressu því niðurstaðna kosninga er beðið. Landskjörstjórn leggur áherslu á að talning atkvæða sé nákvæm, örugg og unnin á rekjanlegan hátt. Skiptir þá meira máli að talning sé rétt en að talningu ljúki fljótt. Leiðir til úrbóta gætu t.d. verið að fjölga talningarfólki og/eða að fjölga talningarstöðum. Það mætti einnig skoða kosti þess að láta talningu fara fram daginn eftir kjördag en með því fengju þeir sem sinna framkvæmd kosninga tækifæri til hvíldar og ættu því að geta komið ferskir að talningarstörfum að morgni. Flutningur atkvæða myndi þá heldur ekki fara fram undir þeirri tímapressu sem nú er.

Rökstudd umsögn landskjörstjórnar, sbr. 2. mgr. 132. gr. kosningalaga

Landskjörstjórn gerir á grundvelli 2. mgr. 132. gr. kosningalaga rökstudda umsögn um tilgreind atriði og afhendir undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kosninga sem vinnur síðan aðra umsögn sem lögð er fyrir kjörbréfanefnd Alþingis

Við vinnslu umsagnar landskjörstjórnar til Alþingis og við kynningu á henni fyrir undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kosninga komu upp hugleiðingar um tilgang hennar og efni. Í tíð eldri laga um kosningar til Alþingis var fyrirkomulagið á þann veg að ritari landskjörstjórnar aðstoðaði undirbúningsnefnd kjörbréfanefndar við að útbúa umsögn. Undirbúningsnefndin lagði síðan umsögnina fyrir kjörbréfanefnd Alþingis. Með tilkomu landskjörstjórnar má því segja að við stjórnsýslulega meðferð umsagnarinnar hafi bæst við eitt stig, þ.e. rökstudd umsögn landskjörstjórnar. Landskjörstjórn telur æskilegt að hugað verði að þessu fyrirkomulagi

með tilliti til tilkomu landskjörstjórnar og hlutverks hennar sem sjálfstæðrar stjórnsýslunefndar.

Hvað sem því líður telur landskjörstjórn mikilvægt að það fyrirkomulag sem lýst er í 2. mgr. 132. gr. kosningalaga, einkum að því er varðar efni og inntak umsagnar landskjörstjórnar, verði skýrt nánar. Í því sambandi má t.d. velja fyrir sér hvort einungis beri að fjalla um kosningakæur og athugasemdir sem berast innan kærufrests eða hvort landskjörstjórn skuli að eigin frumkvæði taka kjörgengi nýkjörinna þingmanna til skoðunar. Þá má einnig velja því upp hvort kveða eigi á um heimildir til endurtalningar atkvæða í kosningalögum og þá í hvaða tilfellum, einkum með tilliti til þeirrar heimildar sem kemur fram í 3. mgr. 1. gr. laga um þingsköp Alþingis.



Starfsmaður á kjörstað á Akureyri.



Frá kjörstað.

Lokaorð

Að loknu svo umfangsmiklu verkefni sem alþingiskosningar eru telur landskjörstjórn afar mikilvægt að líta til baka í því skyni að rýna og meta árangur verkefnisins. Það er ekki gert í sagnfræðilegum tilgangi, þótt mikilvægt sé að sagan sé kortlögð, heldur til að halda utan um þau atriði sem stuðla að umbótum í framkvæmd kosningamála og þar með framþróun á málefnasviðinu. Þær tillögur að umbótum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan eru tilkomnar á grundvelli þess sífelda mats og skoðunar sem fer fram hjá landskjörstjórn. Almennt er litið svo á að kosningalögum skuli ekki breyta oft en landskjörstjórn telur nauðsynlegt að nýta þá reynslu sem nú er komin á framkvæmd kosningalaganna og lagfæra þau atriði sem betur mega fara. Það þarf að yfirfara og samræma ýmis ákvæði í lögnum, með tilliti til ferla, hlutverka og ábyrgðar, með það að leiðarljósi að treysta örugga og skilvirka kosningaframkvæmd.

Þegar rafræn kjörskrá hefur verið gerð og innleidd mun það hafa í för með sér verulegar breytingar og umbætur á ýmsum verkþáttum við undirbúning og framkvæmd kosninga. Þeir aðilar sem starfa við kosningar þurfa að undirbúa sig fyrir breytingar á vinnulagi og verkferlum á kjörstað. Rafræn kjörskrá felur t.d. í sér þá breytingu að utankjörfundaratkvæði þurfa ekki að berast í rétta kjördeild fyrir lok kjörfundar heldur aðeins á einhvern kjörstað innan kjördæmisins. Það mun stytta úrvinnslutíma hvers utankjörfundaratkvæðis umtalsvert við uppgjör og talningu atkvæða, auk þess sem draga mun úr umstangi við sendingar á utankjörfundaratkvæðum á milli staða. Innleiðing rafrænnar kjörskrár mun jafnframt leiða til þess að gera þarf nokkrar breytingar á kosningalögnum í takt við breytta framkvæmd.

Það er áskorun að halda alþingiskosningar um hávetur þegar allra veðra er von. Landskjörstjórn lagði á það áherslu að stefna fólki ekki í hættu þótt komast þyrfti á kjörstað og flytja atkvæði á milli staða. Þegar á heildina er litið gekk framkvæmd kosninganna vel og tímaáætlanir stóðust þrátt fyrir hríðarbyl og óveður á köflum víðs vegar um landið.

Við undirbúning, framkvæmd og frágang kosninga eru margir kallaðir til og vinnuframlag og alúð þeirra fjölmörgu einstaklinga sem að verkefninu koma verður seint að fullu metin. Landskjörstjórn vill þakka öllum þeim sem að komu en það er ekki síst að þakka samstilltu átaki og samvinnu fjölmargra einstaklinga, samtaka og stofnana að framkvæmd kosninganna gekk svo vel fyrir sig sem raun ber vitni.

Skýrslan er unnin og gefin út til samræmis við
4. mgr. 14. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

Útgefandi

Landskjörstjórn.

Hönnun og umbrot

Birgir Þorsteinn Jóakimsson.

Ljósmyndir

Axel Þórhallsson, Bragi Þór, Guðbergur R. Ægisson,
RAX / Ragnar Axelsson, Ljósmyndir Rutar og Silju.

ISBN 978-9935-9666-8-1



Landskjörstjórn